

Reykjavíkurborg - Umhverfis- og skipulagssvið.  
Borgartúni 12-14  
105 Reykjavík

Garðabær, 18. ágúst 2023  
Málsnúmer: 202308-0005  
SS

## Efni: Umsögn um skipulagslýsingu vegna þróunarsvæðis við Suðurfell.

Vísað er í tölvubréf frá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar gegnum Skipulagsgátt, dags. 10. ágúst 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu fyrir nýtt deiliskipulag vegna þróunarsvæðis við Suðurfell í Reykjavík.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsinguna og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Svæðið sem um ræðir er í ofanverðum Elliðaárdal og í næsta nágrenni við svæði á gildandi náttúruminjaskrá (C-hluta) sem í þessum hluta dalsins er einkum Elliðaárna og nánasta umhverfi þeirra. Elliðaárdalur er allur mikilvægt útivistarsvæði, sem grænn geiri sem tengir náttúrusvæði utan þéttbýlismarka við strandsvæði og önnur græn svæði innan þéttbýlismarka. Elliðaárdalurinn er mikilvægt svæði fyrir margs konar lífríki, ekki síst fuglalíf, sem og fundarstaður áhugaverðra og verðmætra jarðminja m.a. ummerki um sjávarstöðubreytingar, eldsumbrot, rofferla o.fl.

Sökum þessa ber að skoða áhrif allra áforma sem skerða Elliðaárdalinn vandlega. Í umhverfismati skipulagstillögunnar þarf því að leggja vandlegt mat á t.d. hvernig lífríki þ.m.t. gróðurfar og dýralíf sem og jarðminjar og landslag verði fyrir áhrifum af skipulagsbreytingunni. Skoða þarf sérstaklega hver möguleg áhrif eru á svæðið á náttúruminjaskrá, sér í lagi Elliðaárna og lífríki þeirra. Mikilvægt er að skoða áhrif áforma um ofanvatnslausnir á lífríki og vatnsbúskap Elliðaárna. Áhrif á fræðslu- og útivistargildi svæðisins ætti einnig að meta.

Náttúrufræðistofnun mælir með að gerð sé úttekt á landslagi, jarðminjum og lífríki (sérstaklega gróðurfari og fuglalífi) á skipulagssvæðinu, ef ekki eru til staðar nýlegar upplýsingar um slíkt. Töluverð breyting hefur orðið á t.d. gróðurfari Elliðaárdals undanfarna áratugi og því mikilvægt að upplýsingar séu uppfærðar.

Virðingarfyllst,

*Snorri Sigurðsson*

Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

